

Ársskýrsla og reikningur 2013



Aðalfundarfulltrúar KGSÍ á Hótel KEA, laugardaginn 12. maí 2013.

Kirkjugarðasamband Íslands

Maí 2014

Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar KGSÍbls. 3 – 9

Aftan við skýrslu stjórnar eru:

- Fjárhagsáætlun KGSÍ 2014
- Bréf til innanríkisráðherra frá stjórn KGSÍ.
- Uppgjör 2013 frá Fjársýslu ríkisins.
- Ársreikningur KGSÍ og In Memoriam ehf 2013 (sjá efnisyfirlit þar).

Ársskýrsla KGSÍ 2013

1. Tekjur kirkjugarða landsins árið 2013

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2013 var brúttó kr. 924.900.000, þar af kr. 78.616.500 (8,5%) sem rennur í Kirkjugarðasjóð. Skiptingin er þessi:

Kirkjugarðasjóður	kr.	78.616.500
Umhirðusjóður	kr.	677.026.799
Grafarsjóður	kr.	143.021.912
Bálstofan í Fossvogi	kr.	26.234.789
Samtals framlag 2013	kr.	924.900.000

Framlag ríkisins árið 2012 var brúttó kr. 888.000.000. Samningurinn milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs frá 2005 gerir ráð fyrir hækkun einingaverðs (umhirðugjald, greftrunargjald og bálstofa) með þeim hætti að stækkun grafarsvæða og aukinn fjöldi jarðsetninga hækka framlagið umfram verðlagsbreytingar (almenna þróun verðlags og launa). Þó að einingaverðið hafi nú verið að hækka á milli ára lækkaði það á árunum þar á undan og hefur sú skerðing ríkisins ekki verið leiðrétt og er varanleg. Þess vegna þarf að endursemjja um framlag til kirkjugarða.

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram hver þróun einingaverðs hefur orðið frá árinu 2008 til 2013 á mótí hækkun byggingarvísitölu. Stjórn KGSÍ spyr: Hvernig á að vera hægt að veita lögbundna þjónustu eftir að slíkt misgengi hefur átt sér stað?

Þróun á hækkun framlags til kirkjugarða og hækkunar byggingarvísitölu á sama tíma.	2008	2013	2013
Einingakostnaður vegna svæða í umhirðu (kr/m ²)	543	559	2,9%
Einingarkostnaður vegna grafartöku (kr/kistugröf)	96.829	99.683	2,9%
Einingarkostnaður vegna líkbrennslu (bálstofa)	61.535	63.349	2,9%
Byggingarvísitala (424,7 stig í júní 2008 og 592,5 stig í júní 2013)	424,7	592,4	39,5%

2. Hlutverk KGSÍ við útteilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða - upprifjun

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins og presta sem fá greitt fyrir þjónustu við útfarir:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (í desember).

2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald. Greftrunargjald er ákveðið í upphafi hvers árs og fer gjaldið eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur. Á heimasíðunni www.gardur.is/2014 má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum gardur.is og viðkomandi prestur hefur fyllt út dánarskýrslu. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.
3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
 - a) Kirkjugarðasjóður v/ prósentuframlags (8,5% greitt beint frá Fjársýslu ríkisins).
 - b) Greftrunarsjóður v/greftrana.
 - c) Umhirðugjald til kirkjugarða landsins.
 - d) Framlag til bálstofu í Fossvogi.
4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikning KGSÍ 15. hvers mánaðar.
5. KGSÍ greiðir 15. hvers mánaðar:
 - a) **umhirðugjaldið** inn á reikninga kirkjugarða,
 - b) **greftrunargjaldið** til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningarskýrslur á gardur.is í mánuðinum á undan og þóknun til presta fyrir þjónustu við útfarir.
 - c) inn á reikning **bálstofunnar** í Reykjavík.

Eins og áður sagði hefur einingaverðið ekki fylgt þróun kaupgjalds og verðlags á undanförunum árum og er nú svo komið að erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir.

3. Aukin verkefni hjá KGSÍ – greiðsla til presta fyrir þjónustu við útfarir hófst árið 2012 og gagnvirk kortagerð fór af stað hjá KGRP í samvinnu við Kirkjugarðaráð það ár og stendur enn yfir

Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins. Fyrstu þrjú árin komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirða) og frá Kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni.

Frá ársbyrjun 2012 hefur KGSÍ enn aukið þjónustu við kirkjugarða og presta landsins með því að sjá um greiðslur til presta vegna þjónustu þeirra við útfarir. Það fyrirkomulag sem áður var við lýði var með þeim hætti að sá kirkjugarður sem grafið var í greiddi viðkomandi presti fyrir þjónustu við útfarir eftir að hann hafði sent reikning til kirkjugarðsins.

Nýja fyrirkomulagið hefur stóraukið skýrsluskil, bæði frá prestum og kirkjugörðum, og hafa allar væntingar stjórnar KGSÍ um ágæti nýja fyrirkomulagsins gengið eftir.

Í ársskýrslu KGSÍ 2012 er nánar sagt frá þessu verkefni sambandsins og má fletta skýrslunni upp á slóðinni www.kgsi.is og þar undir aðalfundir.

4. Aðalfundur 2013 var haldinn á Hótel KEA 12. maí 2013

Aðalfundur KGSÍ 2013 var haldinn á Hótel KEA á Akureyri laugardaginn 12. maí. Þátttaka var góð, 49 fundarmenn rituðu nöfn sín á nafnalista og við kvöldverðarborðið var heildartala með mökum 87.



Hluti fundarmanna á aðalfundinum á Hótel KEA (ARE).

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Hótel KEA þar sem fundað var um daginn. Dansinn var ekki stiginn í þetta sinn en enginn lét sér leiðast enda samstaðan í hópnum góð. Daginn eftir hittist hópurinn í Höfðakapellu og þar kvöddust menn og héldu til síns heima.

Eftir skoðunarferð í Hof var hópnum ekið upp að bækistöðvum Kirkjugarða Akureyrar og þar voru á borðum góðar veitingar. Nýlega hefur líkhúsið verið stækkað og hagkvæmar breytingar gerðar á húsnæðinu. Gestirnir skoðuðu framkvæmdirnar og er óhætt að segja að sú aðstaða sem þar er nú fyrir hendi er sú besta hér á landi. Dagskráin var fjölbreytt og flutt voru mörg erindi.



Fundarmenn og makar fóru í skoðunarferð í Hof og fengu þar góða leiðsögn (ARE).



Heimsókn í Höfðakapellu (ARE).

5. Stjórn og formaður

Stjórn og varastjórn gáfu áfram kost á sér. Á aðalfundinum á Hótel KEA voru endurkosnir í stjórn Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkv.stj. Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sem kosinn var formaður.

Í varastjórn voru endurkosin Indriði Valdimarsson frá Akranesi og Katrín Birna Viðarsdóttir frá Ásólfskála. Varamenn voru boðaðir á marga stjórnarfundum þó að ekki

væri um forföll aðalmanna að ræða. Öllu þessu fólki voru á aðalfundinum færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og einnig fráfarandi skoðunarmönnum reikninga, þeim Ólafi Þ. Guðmundssyni frá Njarðvíkum og Magnúsi Sigurðssyni frá Hafnarfirði sem hættu í kirkjugarðsstjórnnum hvor á sínum stað. Í stað þeirra Ólafs og Magnúsar voru kosnir þeir Þjóðbjörn Hannesson frá Akranesi og Erlendur Geir Arnarson frá Hafnarfirði í starf skoðunarmanna reikninga.

Á milli aðalfunda voru haldnir 10 stjórnarfundir auk margra óformlegra funda í síma og á netinu. Fundirnir voru flestir haldnir í Reykjavík, einn á Akureyri og einn á Hvolsvelli. Varamenn voru með á þeim fundum þegar stærri mál voru rædd.

6. Sameining kirkjugarðastjórna – lítil áhugi sem fyrr

Ekkert gerðist á þessum vettvangi á árinu 2013. Áhugi er fyrir hendi hjá mörgum sóknarnefndum en það er eins og beðið sé eftir einhverjum leiðbeinandi reglum eða reglugerð um sameininguna. Allt hefur sinn tíma og það er skoðun stjórnar KGSÍ að „meðgöngu“ þessa máls sé nærri lokið. Vonandi verður hægt að setja inn í lagafrumvarpið ákvæði um sjálfvirka sameiningu við viss skilyrði öllum til hagsbóta.

7. Allar peningafærslur til kirkjugarða og presta á gardur.is

Í lok árs 2009 var sett upp ársyfirlit fyrir kirkjugarða á slóð tengdri gardur.is. Yfirlitið virkar með þeim hætti að þær greiðslur sem berast frá ríkinu eru færðar á tekjuliði garðanna. Á þessari slóð er hægt að sjá frá mánuði til mánaðar framlag ríkisins á hverju ári. Einnig er hægt að sjá nöfn þeirra sem jarðsettir eru í viðkomandi garð og greiðslur vegna grafartöku og til presta. Þarna er kominn vísir að bókhaldskerfi fyrir minni garða. Samskonar greiðsluyfirlit er inni á vinnusvæði presta og geta þeir flett þar upp þeim útförum sem þeir hafa verið með og hafa komið til greiðslu frá KGSÍ.

8. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða

Frumvarpið er enn óhreyft átta árum eftir að það var lagt fram í þinginu. Innanríkisráðherra, sem fer með málefni kirkjugarða, hét því að leggja frumvarpið fram á haustþinginu 2011 eða á vorþingi 2012 en af því varð ekki. Vonir eru nú bundnar við að ráðherraskipuð nefnd (sjá neðst á bls. 7) fjalli um frumvarpið og komi því áfram í gegnum þingið.

9. Bréf Kirkjugarðaráðs til Ríkisendurskoðunar og svar við því

Stjórn KGSÍ hefur rætt um það á fundum sínum að nauðsynlegt sé að fá ársreikningsformi kirkjugarðanna breytt, þ.e. að kirkjugarðar þurfi ekki að taka inn í sína ársreikninga framlagið til Kirkjugarðasjóðs. Fyrirkomulagið hefur verið með þeim hætti að kirkjugarðar þurfa að telja sér til tekna 8,5% framlagið sem þeir aldrei fá en greiðist beint til Kirkjugarðasjóðs. Þessum hugmyndum var vísað til kirkjugarðaráðs sem ræddi málið við Ríkisendurskoðun sem taldi að breya þyrfti lögum til að fara aðra leið. Áformað er að koma þessari breytingu inn í frumvarpsdrögin sem vonandi verða loks afgreidd eftir umfjöllun þeirrar nefndar sem vonandi verður skipuð innan tíðar og rætt er um í þessari skýrslu.

10. Skýrslan: Fjármál kirkjugarða – greining og tillögur

Stjórn KGSÍ hefur mörg undanfarin ár haft það vandaverk á höndum ár hvert að leggja fyrir Kirkjugarðaráð tillögu um skiptingu framlags ríkisins. Stjórnarmenn eru meðvitaðir um að þessi ábyrgð er mikil og vandasöm. Á árinu 2012 gerði stjórn KGSÍ samning við Harald L. Haraldsson hagfræðing um úttekt á fjármálum kirkjugarða í heild til að fá myndina í heild í góðan fókus og þar með auðvelda réttláta skiptingu þess fjár sem ríkið leggur fram á hverju ári. Þessi úttekt var kynnt á aðalfundinum á Akureyri í fyrra og segja má að skýrsluhöfundur hafi bæði beint augunum að innri fjármálum kirkjugarða með rannsókn á ársreikningum þeirra og framlagi ríkisins með athugun á samningi þeim sem gerður var 2005.

Í lokaorðum segir skýrsluhöfundur:

„Við vinnslu verkefnisins kom fram að ýmsir aðrir þættir hafa haft áhrif á fjárveitingar til kirkjugarða en ætlað var að skoða í upphafi, þar með taldir þættir er snúa beint að innri málum kirkjugarða. Með hliðsjón af því varð verkefnið umfangsmeira en upphaflega var ætlað og þær tillögur, sem settar eru fram í skýrslunni, taka á fleiri þáttum en samningurinn gerði ráð fyrir.


Helstu niðurstöður skýrslunnar eru m.a. að síðustu ár hafa framlög ríkisins ekki dugað til reksturs kirkjugarða. Einnig að í mörgum tilfellum er greitt fyrir þjónustu við kirkjugarða langt undir kostnaðarverði. Vonast er til að með þeim tillögum sem fram koma í skýrslunni takist

að leysa margra ára ágreining á milli forsvarsmanna Kirkjugarðasambands Íslands og fjárveitingavaldsins um rekstrarframlög til kirkjugarða“.

Ein af tillögum skýrsluhöfundar er sú að skipuð verði nefnd. Í skýrslunni segir:

„Lagt er til að skipuð verði fimm manna nefnd sem fari yfir fjárveitingar til kirkjugarða og beri fjárveitingarnar saman við raunverulegan kostnað við rekstur kirkjugarða. Nefndin skili síðan tillögum um hvernig tekist verði á við fjárhagsvanda kirkjugarða. Nefndin verði skipuð tveimur fulltrúum frá Kirkjugarðasamandi Íslands, einum frá innanríkisráðuneytinu og einum frá fjármálaráðuneytinu. Innanríkisráðuneytið og stjórn Kirkjugarðasambands Íslands tilnefni sameiginlega oddamann. Nefndin skili álit og tillögum fyrir afgreiðslu fjárlaga vegna ársins 2014“.

Innanríkisráðherra gerði tilraun til að skipa nefndina í fyrrasumar en fjármálaráðuneytið fékkst ekki til að tilnefna mann fyrr en á vordögum 2014 og hefur skipun nefndarinnar því dregist í tæpt ár. Kirkjugarðaráð og stjórn KGSÍ hafa þrýst á innanríkisráðherra að nefndin verði skipuð og er nú í maílok 2014 loks hreyfing í þá átt.



11. Legstaðaskráin gardur.is



Hin miðlæga legstaðaskrá Garður er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Eitt af meginmarkmiðunum með stofnun hennar er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna manna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð, um 500 uppflettingar á dag að jafnaði. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil. Í tengslum við Garð hafa verið útbúin ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkerfi í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeidnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Þessi kerfi standa öllum kirkjugörðum opin og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar.

Margir kirkjugarðar hafa nú þegar verið mældir inn með GPS-tækni og hafa kortin verið sett jafnóðum inn á vefinn. Áfram er unnið við að tengja þessi kort við Garð og er það gert í samvinnu við fyrirtækið Ísgraf ehf sem sérhæfir sig í kortagerð út frá loftmyndum. Kirkjugarðaráð og KGRP gerðu á árinu 2012 samning við Ísgraf ehf um frekari þróun þessarar tækni. Áformað er að þeir sem skoða kirkjugarða og legstæði í framtíðinni geti nálgast viðkomandi kirkjugarð út frá loftmynd af því landsvæði sem garðurinn er hluti af og hægt verði að smella á hvaða leiðisnúmer sem er og fá upplýsingar um hver liggur þar. Þessi samtenging eykur öryggi og auðveldar starfsfólki kirkjugarða úthlutun grafa. Gert var ráð fyrir að KGRP opnaði fyrir þessa notkun á síðasta ári en það gekk ekki eftir en vonandi verður það gert á þessu ári.

KGRP hafa tekið Garð í notkun sem framtíðarlegstaðaskrá fyrir starfsemina og einnig sem bókunartæki fyrir útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu og skráningarkerfi í líkhúsinu í Fossvogi. Það gefur auga leið að mikill sparnaður er í því fölginn að kirkjugarðar landsins noti miðlægu skrána Garð. Sú þróunarvinna sem unnin hefur verið stendur öllum kirkjugörðum landsins til boða án endurgjalds. Þá vinnu hafa KGRP og Kirkjugarðasjóður kostað. Ljóst er að þessi útvíkkaða notkun á vefsíðunni hentar einungis stærstu görðum landsins.

12. Kirkjugarðasamband Íslands og Kirkjugarðaráð – til upprifjunar

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn Kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í Kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur í stjórn ráðsins af KGSÍ undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur gert samkomulag við stjórn KGSÍ til nokkurra ára um ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, s.s. útteilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða, rekstur á gardur.is, námskeið o.fl. Síðastliðið ár var gerður þjónustusamningur milli KGSÍ og Kirkjugarðaráðs sem felur í sér sex milljón króna framlag frá Kirkjugarðasjóði á ári næstu fjögur árin. Gerð er grein fyrir tölulegum rekstri samandsins í ársreikningi 2013 sem er aftan við skýrsluna.

13. Útgáfa Bautasteins - fagrits og fréttabréfs

Bautasteinn (fagritið) kom út í maí 2013 (1. tölublað 18. árgangs). Hulda G. Geirsdóttir blaðamaður hefur séð um viðtöl og greinaskrif í blaðið undanfarin ár og Sigurjón Jónasson, fyrrv. rekstrarstjóri KGRP og jafnframt heiðursfélagi í KGSÍ, hefur séð um auglýsingasölu, samskipti við prentsmiðju og útlit blaðsins ásamt ritnefndarmönnum. Blaðið flytur faglegar greinar af vettvangi kirkjugarðamála og fylgist með því sem er efst á baugi í útfara- og kirkjugarðamálum. Ekki er vafi á því að blaðið eykur hróður KGSÍ, margir hafa farið lofsamlegum orðum um blaðið og hælt smekklegu útliti þess og vönduðu efnisvali.



Auglýsingasala og sala blaðsins til stærri kirkjugarða hefur nokkurn veginn staðið undir kostnaði við útgáfuna. Á slóðinni: www.kgsi.is má sjá Bautastein frá upphafi. Blaðið kemur út í 1.400 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknar-nefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja.


Bautasteinn, fréttabréf (1. tbl. 12. árg.) kom út í desember 2013 og hefur sömu dreifingu og fagritið. Hægt er að skoða fréttabréfin á slóðinni: www.kgsi.is Ritnefndarfundir vegna Bautasteins hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundir áður en blaðið kemur út á vorin.

14. Erlend samskipti - NFKK

Formaður og varaformaður KGSÍ stóttu ráðstefnu NFKK (Nordiska Förbundet för Kyrkogårdar och Krematorier) í Osló dagana 4. til 6. september um málefni kirkjugarða og bálstofa á Norðurlöndum. Norrænu samtökin Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier (NFKK) = <http://www.nfkk.eu/index.html> héldu ráðstefnuna og stóð undirbúningur í tvö ár. Yfirskrift ráðstefnunar var «*Gæði, gildi og endurskipulag*». Erindi og umræður á ráðstefnunni voru túlkuð yfir á íslensku. Alls sóttu sjö Íslendingar ráðstefnuna og í för voru sex makar.

Reykjavík, 31. maí 2014,


Þorsteinn Ragnarsson,
formaður


Guðmundur Rafn Sigurðsson,
stjórnarmaður


Smári Sigurðsson
stjórnarmaður

Kirkjugarðasamband Íslands

REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ FYRIR ÁRIÐ 2014

REKSTRARTEKJUR:

Sala auglýsinga í vorblað	1.200.000
Aðrar tekjur vegna vorblaðs (ca. 400 eint. á 600 kr/stk.)	240.000
Skráning ítarefnis	75.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði	6.000.000

SAMTALS KR: 7.515.000

REKSTRARGJÖLD:

Útgáfukostnaður Bautasteins:

Prentun vorblaðs	550.000
Prófarkarlestur og hönnun vorblaðs	620.000
Fréttabréf KGSÍ	170.000

1.340.000

Dreifingarkostnaður Bautasteins:

Burðargjöld vegna vorblaðs	185.000
Burðargjöld vegna fréttabréfs	115.000
Burðargjöld önnur	5.000
Pökkunarkostnaður	50.000
Gíróseðlar, límmiðar o.fl.	2.000

357.000

Annar kostnaður:

Laun og launatengd gjöld	1.500.000
Aðalfundarkostnaður	330.000
Bókhaldsvinna, reikningagerð (KGRP)	475.000
Prentkostnaður, umslög og bréfsefni	130.000
Stjórnarfundakostnaður vegna funda	350.000
Kostnaður sérfræðinga, (ath á einingarverðum kirkjugarða)	1.000.000
Innlendur ferðakostnaður	120.000
Námskeiðahald og aðrir fundir, (Norðurland / Vestfirðir)	100.000
Ferðakostnaður vegna NFKK	200.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is	1.200.000
Auglýsingar og ýmis tilfallandi kostnaður	200.000

5.605.000

SAMTALS KR: 7.302.000

Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	213.000
---	---------

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS- GJÖLD:

Vaxtatekjur	50.000
Vaxtagjöld	25.000

HAGNAÐUR AF REGLULEGUM REKSTRI ÁRSINS

SAMTALS KR: 238.000

LJÓSRIT



Innanríkisráðuneyti,
b.t. Hönnu Birnu Kristjánsdóttur,
ráðherra.

Reykjavík, 2. maí 2014.

Sæl Hanna Birna!

Frá því að Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) var stofnað 1995 hefur sambandið kappkostað að hafa upplýsingar um rekstur garðanna og afkomu þeirra fyrirliggjandi, bæði fyrir þá sem að málaflöknum koma innan frá og fyrir þá embættismenn ríkisins sem taka ákvarðanir um fjárveitingar og fleira. Miklar breytingar eru í þjóðfélaginu frá ári til árs og er því nauðsynlegt að greiningarvinna af þessu tagi sé viðhöfð jafnt og þétt, þau mál verða ekki afgreidd í eitt skipti fyrir öll. Að frumkvæði KGSÍ hafa nokkrar ráðherraskipaðar nefndir verið settar á fót og þá yfirleitt með fulltrúum frá fagráðuneyti, grasrótinni og fjármálaráðuneyti. Auk þessa hefur stjórn KGSÍ látið gera úttektir á rekstrarskilyrðum og afkomu garðanna og hafa 3 skýrslur verið teknar saman. Sú fyrsta, **Skýrsla um fjármál kirkjugarða**, var tekin saman af stjórn KGSÍ 2003 og er hún forsendan fyrir því greiðslufyrirkomulagi sem gilt hefur frá 2005. Næsta skýrsla, **Úttekt á samkomulagi við ríkið**, var tekin saman árið 2010 af Hallbirni Björnssyni, sérfræðingi frá Capacent, sem skoðaði samninginn milli kirkjugarðaráðs og ríkisins og reiknaði upp útreikninga fjármálaráðuneytis. Sérfræðingurinn komst að þeirri niðurstöðu að útreikningar ráðuneytisins væru naumari en samningurinn gæfi tilefni til og munaði þar háum upphæðum. Síðastliðið vor kom síðan út þriðja skýrslan, sem ber nafnið **Fjármál kirkjugarða – greining og tillögur**. Hún var tekin saman af Haraldi L. Haraldssyni hagfræðingi og voru í kjölfarið haldnir fundir með þér og ráðuneytismönnum og ákveðið var á þeim fundum að skipuð yrði þriggja manna nefnd sem færi yfir skýrsluna og þær tillögur sem þar eru nefndar, ásamt því að fara yfir samkomulag það sem gert var milli ríkisins og



kirkjugarðaráðs í ársbyrjun 2005 og frumvarp að breytingum á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu sem samið var 2006 og dagað hefur uppi í ráðuneytinu. Rætt var um að nefndin yrði skipuð fulltrúum innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og kirkjugarðaráðs.

Innanríkisráðuneytið sendi út bréf í byrjun júlí 2013 til kirkjugarðaráðs og tilnefndi ráðið strax fulltrúa sinn en samkvæmt upplýsingum frá Hermanní Sæmundssyni skrifstofustjóra í innanríkisráðuneyti hefur fjármálaráðuneytið ekki fengist til að tilnefna mann. Hermann og undirritaður voru sammála um það að nauðsynlegt væri engu að síður að skipa nefndina og þá með fulltrúum fagráðuneytis og kirkjugarðaráðs. Stjórn KGSÍ telur að þessi mál hafi dregist óþarflega lengi og hvetur þig til að skipa nefnd sem hefði ofangreind verkefni. Aðalfundur KGSÍ verður haldinn laugardaginn 31. maí nk. og verður skýrsla Haraldar þar til umræðu. Við það tækifæri væri gaman að geta tilkynnt þau jákvæðu viðbrögð, að ráðherra hafi skipað nefndina.

Með bestu kveðjum,

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

Afrit sent Ragnhildi Benediktsdóttur formanni kirkjugarðaráðs og Hermanní Sæmundssyni skrifstofustjóra innanr.r.n.

2013
Kirkjugarðsgjald

FJÁRSÝSLA RIKISINS

Uppgjörssvið

Kirkjugarðsgjald 2013

	<u>Eftirstöðvar í ársbyrjun</u>	<u>Kirkjugarðsgjald 2013</u>	<u>Greitt 2013</u>	<u>Eftirstöðvar í árslok</u>
Kirkjugarðar.....	0	846.283.500	846.283.500	0
Kirkjugarðasjóður.....	0	78.616.500	78.616.500	0
Samtals	<u>0</u>	<u>924.900.000</u>	<u>924.900.000</u>	<u>0</u>

FJARSÝSLA RÍKISINS
Uppgjörssvið

<p>Kirkjugarðsgjöld Staða viðfanga 31.12.2013</p>

Viðfang=0673311100 (Kirkjugarðar)

Allar tegundir	
22752 Ógreitt útsvar, sóknargj.ofl.	0
55000 Kaup á þjónustu	846.283.500
Samtals	846.283.500

Stofnun=06733 (Kirkjugarðasjóður)
Viðfang=0673311101

Allar tegundir	
22752 Ógreitt útsvar, sóknargj.ofl.	0
55002 Kaup á þjónustu án vsk	78.616.500
Samtals	78.616.500

Samtals 2012 **924.900.000**

**Kirkjugarðasjóður
Uppgjör 2013**

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 36/1993 skulu tekjur Kirkjugarðasjóðs vera á milli 8% til 12% af kirkjugarðsgjöldum.

Kirkjugarðsgjöld 2013 að frádregnum hluta óstaðsettra voru kr. 846.283.500
Hluti Kirkjugarðasjóðs 8,5% var því kr. 78.616.500

Kirkjugarðsgjald vegna manna sem eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá greiðist til sjóðsins skv. 39. gr. laga nr. 36/1993. Á árinu 2013 var enginn skráður óstaðsettur hjá Hagstofu Íslands.

Viðskiptareikningur 2013

Staða 01.01.13.....	kr.	0
Hluti af kirkjugarðsgjöldum.....	kr.	78.616.500
Óstaðsettir.....	kr.	0
	kr.	0
Greitt 2013.....	kr.	78.616.500
Inneign 31.12.13.....	kr.	0

FJARSÝSLA RÍKISINS
Uppgjörssvið

Kirkjugarðsgjöld til kirkjugarða 2013
og hluti þeirra til Kirkjugarðasjóðs

Kennitala	Nafn	Kirkjugarðsgjald jan-des	Greitt 2013	Ógreitt 2013
6811962429	Framlag vegna fastakostnaðar	677.026.799	677.026.799	0
6811962429	Framlag vegna grafartöku	143.021.912	143.021.912	0
6811962429	Framlag vegna líkbrennslu	26.234.789	26.234.789	0
5907840449	Kirkjugarðasjóður	78.616.500	78.616.500	0
		924.900.000	924.900.000	0

FJARSÝSLA RÍKISINS

Uppgjörssvið

Greiðslufirlit úr Oraclekerfinu

Gjaldfærsla	Kirkjumálasjóður	Fastakostnaður	Grafartaka	Líkbrennsla	Heildargreiðsla	Greiðsludagsetning
Janúar	6.551.375	56.418.899	11.918.489	2.186.248	77.075.011	15. janúar 2013
Febrúar	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. febrúar 2013
Mars	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. mars 2013
Apríl	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. apríl 2013
Maí	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. maí 2013
Júní	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. júní 2013
Júlí	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. júlí 2013
Ágúst	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. ágúst 2013
September	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. september 2013
Október	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. október 2013
Nóvember	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. nóvember 2013
Desember	6.551.375	56.418.900	11.918.493	2.186.231	77.074.999	15. desember 2013
	78.616.500	677.026.799	143.021.912	26.234.789	924.900.000	

FJARSÝSLA RÍKISINS
Uppgjörssvið

**Afstemming
Uppgjör 2013**

Viðfang	Tegund	Úr Excel	Úr Oracle	Mism.
067330	Efnahagur			0
0673311100	Kirkjugarðar	55000	846.283.500 846.283.500	0
0673311101	Kirkjugarðasjóður	55000	78.616.500 78.616.500	0

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2013

Kirkjugarðasamband Íslands
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 681196-2429

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2013

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 12. maí 2014

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 12. maí 2014.

Deloitte ehf.



Halldór Arason,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi og stendur vörð um faglega ahgsmuni þeirra.

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Tekjur umfram gjöld af rekstri ársins námu kr. 280.070. Rekstrartekjur námu samtals kr. 7.527.091 Heildareignir námu kr. 5.694.102 og eigið fé í árslok 2013 nam kr. 5.126.034.

Að álit framkvæmdarstjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Framkvæmdastjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2013.

Reykjavík, 12. maí 2014

Í stjórn




Þórsteinn Ragnarsson

stjórnarformaður



Smári Sigurðsson

stjórnarmaður




Guðmundur Rafn Sigurðsson

stjórnarmaður

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2013 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 9. maí 2014



Erlendur Geir Arnarson



Þjóðbjörn Hannesson

Rekstrarreikningur - almennur rekstur - ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld og styrkir		6.336.900	6.307.400
Tekjur af útgáfustarfsemi		1.190.191	1.087.912
		<u>7.527.091</u>	<u>7.395.312</u>
Rekstrargjöld			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		1.605.950	1.549.614
Laun og tengd gjöld	3	1.281.554	1.375.488
Annar rekstrarkostnaður		4.392.602	4.161.670
		<u>7.280.106</u>	<u>7.086.772</u>
Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		246.985	308.540
Fjármunatekjur	4	53.673	39.762
Fjármagnsgjöld	5	(20.588)	(15.776)
Tekjur umfram gjöld		<u>280.070</u>	<u>332.526</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Fastafjármunir			
Eignarhlutar í In Memoriam ehf.	6	137.502	137.502
		<u>137.502</u>	<u>137.502</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	27.000	47.000
Aðrar skammtímakröfur	7	1.338.032	817.442
Handbært fé	7	4.191.568	6.204.844
		<u>5.556.600</u>	<u>7.069.286</u>
Eignir		<u>5.694.102</u>	<u>7.206.788</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé	8	5.126.034	4.845.964
Eigið fé		<u>5.126.034</u>	<u>4.845.964</u>
Skammtímaskuldir			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma		0	1.259.748
Aðrar skammtímaskuldir	9	568.068	1.101.076
		<u>568.068</u>	<u>2.360.824</u>
Skuldir		<u>568.068</u>	<u>2.360.824</u>
Eigið fé og skuldir		<u>5.694.102</u>	<u>7.206.788</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Tekjur umfram gjöld		246.985	308.540
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>246.985</u>	<u>308.540</u>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun		(500.590)	(309.341)
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun)		<u>(1.792.756)</u>	<u>1.191.487</u>
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		(2.046.361)	1.190.686
Innborgaðir vextir og arður		53.673	39.762
Greiddir vextir		<u>(20.588)</u>	<u>(15.776)</u>
Handbært fé frá (til) rekstri		<u>(2.013.276)</u>	<u>1.214.672</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(2.013.276)	1.214.672
Handbært fé í upphafi árs		<u>6.204.844</u>	<u>4.990.172</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>4.191.568</u></u>	<u><u>6.204.844</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Útistandandi tekjur

Útistandandi tekiur eru færðar á nafnverði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Launamál

	2013	2012
Laun	1.087.295	1.174.336
Launatengd gjöld	192.968	199.868
	<u>1.280.263</u>	<u>1.374.204</u>

4. Fjármunatekjur

	2013	2012
Vaxtatekjur af bankareikningum	35.396	28.302
Aðrar vaxtatekjur	18.277	11.460
	<u>53.673</u>	<u>39.762</u>

Skýringar

5. Fjármagnsgjöld

	2013	2012
Fjármagnstekjuskattur	(7.074)	(5.654)
Önnur vaxtagjöld	(12.053)	(9.335)
	<u>(20.588)</u>	<u>(15.776)</u>

6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000 en bókfært virði félagsins er kr. 137.502. Eigið fé félagsins í árslok 2013 er kr. 3.741.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
In Memoriam ehf.	100%	2.000.000	137.502
			<u>137.502</u>

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Innlendar viðskiptakröfur	27.000	47.000
	<u>27.000</u>	<u>47.000</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
KGSÍ (framlag til kirkjugarða)	556.522	(6.982)
Útistandandi vsk.	381.692	824.424
Aðrar kröfur.....	399.818	0
	<u>1.338.032</u>	<u>817.442</u>

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

8. Eigið fé

	<u>Samtals eigið fé</u>
Eigið fé 1.1.2013	4.845.964
Hagnaður ársins	<u>280.070</u>
Eigið fé 31.12.2013	<u>5.126.034</u>

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2013</u>	<u>31.12.2012</u>
Ógreidd laun og launatengd gjöld	67.074	68.499
Ógreiddir ýmsir reikningar	500.994	1.032.577
	<u>568.068</u>	<u>1.101.076</u>

Sundurliðanir

	2013	2012
Félagsgjöld og styrkir		
Skráning ítarefnis	106.500	74.000
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins	230.400	233.400
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði	6.000.000	6.000.000
	<u>6.336.900</u>	<u>6.307.400</u>
Tekjur af útgáfustarfsemi		
Auglýsingatekjur	1.190.191	1.087.912
	<u>1.190.191</u>	<u>1.087.912</u>
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		
Prentun	689.356	645.899
Prófarkalestur og hönnun	606.000	602.500
Annar útgáfukostnaður	0	22.200
Burðargjöld	267.835	219.795
Pökkunarkostnaður	42.759	58.464
Gíróseðlar og límmiðar	0	756
	<u>1.605.950</u>	<u>1.549.614</u>
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	993.895	991.536
Aksturskostnaður	93.400	182.800
Tryggingagjald	91.419	99.308
Lífeyrissjóður	101.549	100.560
Aðrir sjóðir	1.291	1.284
	<u>1.281.554</u>	<u>1.375.488</u>
Annar kostnaður		
Aðalfundarkostnaður	331.633	506.728
Stjórnarfundakostnaður	316.882	304.570
Fræðslufundir	20.800	89.280
NFKK kostnaður	199.907	323.425
Pappír, prentun og ritföng	131.145	128.289
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl.	460.626	430.776
Lögfræðiþjónusta	0	106.782
Önnur aðkeypt þjónusta	1.496.830	927.034
Auglýsingar	167.550	143.775
Ferðakostnaður	116.625	114.787
Kostnaður vegna gardur.is	1.131.804	1.061.559
Annar kostnaður	18.800	0
	<u>4.392.602</u>	<u>4.161.670</u>

In Memoriam ehf

Ársreikningur

2013

Án endurskoðunar eða könnunar

In Memoriam ehf
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 451200-2750

In Memoriam ehf

Ársreikningur

2013

Án endurskoðunar eða könnunar

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa í In Memoriam ehf.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2013 fyrir fyrirtækið Deloitte ehf. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 12. maí 2014

Deloitte ehf.



Halldór Arason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur In Memoriam ehf fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Enginn rekstur var á árinu 2013.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins staðfestir með undirritun sinni ársreikning félagsins fyrir árið 2013.

Reykjavík, 12. maí 2014

Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson
stjórnarformaður

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur			
Styrkur frá Kirkjugarðasambandi Íslands		37.600	0
Aðrar tekjur		0	0
		<u>37.600</u>	<u>0</u>
Rekstrargjöld			
Annar rekstrarkostnaður		18.800	18.800
		<u>18.800</u>	<u>18.800</u>
Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		18.800	(18.800)
Fjármunatekjur	2	36	21
Fjármagnsgjöld	3	(7)	(4)
		<u>18.829</u>	<u>(18.783)</u>
Tekjur umfram (gjöld)		<u>18.829</u>	<u>(18.783)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Veltufjármunir			
Handbært fé		3.741	3.712
		<u>3.741</u>	<u>3.712</u>
Eignir		<u>3.741</u>	<u>3.712</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	4		
Hlutfé		2.000.000	2.000.000
Eigið fé		(1.996.259)	(2.015.088)
Eigið fé		<u>3.741</u>	<u>(15.088)</u>
 Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	10	0	18.800
		<u>0</u>	<u>18.800</u>
Skuldir		<u>0</u>	<u>18.800</u>
Eigið fé og skuldir		<u>3.741</u>	<u>3.712</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
(Gjöld) umfram tekjur án fjármagnsliða		18.800	(18.800)
Afskrifuð hlutafjáreign		0	0
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>18.800</u>	<u>(18.800)</u>
Aðrar rekstrartengar eignir (hækkun) lækkun		0	0
Rekstrartengdar skuldir lækkun (lækkun)		(18.800)	18.800
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>0</u>	<u>0</u>
Innborgaðir vextir og arður		36	21
Greiddir vextir		(7)	(4)
Handbært fé frá (til) rekstri		<u>29</u>	<u>17</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		29	17
Handbært fé í upphafi árs		3.712	3.695
Handbært fé í lok árs		<u>3.741</u>	<u>3.712</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

2. Fjármunatekjur

	<u>2013</u>	<u>2012</u>
Vaxtatekjur af bankareikningum	36	21
	<u>36</u>	<u>21</u>

3. Fjármagnsgjöld

	<u>2013</u>	<u>2012</u>
Önnur vaxtagjöld	(7)	(4)
	<u>(7)</u>	<u>(4)</u>

4. Eigið fé

	<u>Samtals eigið fé</u>
Eigið fé 1.1.2013	(2.015.088)
Hagnaður ársins	<u>18.829</u>
Eigið fé 31.12.2013	<u>(1.996.259)</u>